

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2012/EES/54/70  
nr. 371/2011**

frá 15. apríl 2011

**um leyfi fyrir dímetýlglysínnatríumsalti sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga  
(leyfishafi er Taminco N.V.) (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>,  
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir dímetýlglysínnatríumsalti. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir dímetýlglysínnatríumsalti, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 7. desember 2010 <sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi dímetýlglysínnatríumsalt ekki

skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt þyngdaraukningu og hlutfall milli þyngdaraukningar og fôðurmagns umtalsvert hjá eldiskjúklingum.

Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sér-  
tækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á dímetýlglysínnatríumsalti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 6.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1950.

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
<b>Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarbreytum)</b>									
4d4	Taminco N.V.	Dímetýlglýsín natríumsalt	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Dímetýlglýsíninnatríumsalt með hreinleika sem er a.m.k. 97%</p> <p><i>Virkt efni</i> Natríum N,N-dímetýlglýsín C<sub>4</sub>H<sub>8</sub>NO<sub>2</sub>Na, framleitt með efnasmíði</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> <sup>(1)</sup> Til að ákvarða virka efnið í aukefninu og forblöndum: háþrýstivökvaskiljun með díóðufjöldnema greiningu, greining við 193 nm.</p> <p>Til að ákvarða virka efnið í fóðri: gasgreining með forsúluafleiðumyndun og logajónunargreiningu</p>	Eldis- kjúklingar	—		1 000	<ol style="list-style-type: none"> <li>Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota gleraugu og hlífðarhanska.</li> <li>Ráðlagður lágmarks-skammtur: 1 000 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald</li> </ol>	6. maí 2021

<sup>(1)</sup> Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðaraukefni: [www.irmm.jrc.be/eurl-feed-additives](http://www.irmm.jrc.be/eurl-feed-additives)